

JARÐRÆKTARSAMÞYKKT

104

7. júní

fyrir Búnaðarfélag Ólafsfjarðar í Eyjafjarðarsýslu.

Búnaðarfélag Ólafsfjarðar gerir, á grundvelli laga nr. 7 12. janúar 1945, svo-fellda jarðræktarsamþykkt:

1. gr.

Tilgangur með ræktunarsamþykktinni er:

1. Að ræsa fram land til túnræktar, garðræktar, engjaræktar og beitiræktar.
2. Að framkvæma jarðvinnslu á tünnum jarða á félagssvæðinu, sem ekki eru véltæk.
3. Að taka að sér jarðvinnslu til nýræktar túna og garða.
4. Að framkvæma sléttun engja, svo að þær verði véltækar.

Allt þetta skal framkvæmt eftir fyrirmælum trúnaðarmanns, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir til að hafa á hendi undirbúning um, hvornig verkin skuli framkvæmd.

2. gr.

Stjórn Búnaðarfélags Ólafsfjarðar annast allar framkvæmdir. Um kaup á vélum og áhöldum skal hafa samráð við verkfæranefnd ríkisins.

3. gr.

Skylt er að tryggja vélar og áhöld fyrir sannvirði, eins og það álizt á hverjum tíma.

4. gr.

Verkbeiðnir félagsmanna skulu komnar til stjórnarinnar fyrir febrúarlok, ella er ekki skylt að taka þær til greina á því ári. Heimilt er stjórninni, ef hún telur þess þörf, að krefjast ábyrgðar, sem hún tekur gilda, á vinnslukostnaði.

5. gr.

Að fengnum verkbeiðnum skal gera áætlun um framkvæmdir á árinu. Skal þess þá sérstaklega gætt:

1. Að þær jarðir, sem minnst véltækt land hafa, sitji fyrir vinnu, eftir því sem við verður komið, án þess að valda óhæfilegum aukakostnaði við flutning véla og verkfæra.
2. Að túnasléttun sé, að öðru jöfnu, látin sitja fyrir öðrum ræktunarframkvæmdum.
3. Að land það, sem brjóta á til ræktunar, hafi verið ræst fram á fullnægjandi hátt, að dómi trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.
4. Að framræsla biðhaga komi að jafnaði því aðeins til greina, að fullnægt hafi verið framræsluverkefnum vegna tún-, garða- og engjaræktar á þann hátt, að það tefji ekki jarðvinnsluna, svo að því marki verði náð, að allur heyskapur verði tekiun á vélfæru landi.

6. gr.

Kostnaður við framkvæmdir, er í samþykkt þessari getur, greiðist af verkkaupanda. Heimilt er stjórninni að láta greiðslur fara fram eftir áætlun, miðað við tímaeiningu, meðan verkið stendur yfir, en fullnaðargreiðsla sé byggð á reikningsskilum í árslok.

7. gr.

Til reksturskostnaðar telst greiðsla vinnulauna, rekstur, viðhalds- og geymslu-kostnaður véla, kostnaður við flutning véla og áhalda milli vinnustaða, fyrningargjald, vextir og afborgun lána og stjórnarkostnaður.

- 104 Heimilt er stjórninni að leggja á framkvæmdakostnað áhættubókun, er nemi
7. júní allt að 5% af heildarkostnaði ár hvert. Skal fé því varið til að mæta óhöppum, er fyrir kunna að koma, og ekki fæst greitt úr fyrningarsjóði.

8. gr.

Heimilt er stjórninni að láta vinna að öðrum verkefnum en að framan greinir, ef hagkvæmt þykir, enda brjóti það ekki í bága við hagsmuni samþykktaraðila.

9. gr.

Búnaðarfélagið myndar stofnsjóð til vélakaupa, er sé andvirði beltisdráttarvélar T D 9, ásamt viðeigandi plóg, herfum og valta. Alls kr. 60000.00.

Tekjur stofnsjóðs eru:

- a. Helmingur stofnfjárins er framlag framkvæmdasjóðs ríkisins, samkvæmt ákvörðun 9. gr. laga um jarðræktar- og húsagerðarsamþykktir í sveitum. Rennur framlagið í stofnsjóð, er það greiðist, sem styrkur til vélakaupa félagsins.
- b. Framlag Búnaðarsambands Eyjafjarðar.
- c. Afgangurinn sé óafturkræft beint framlag Búnaðarfélags Ólafsfjarðar, er eigi má nema minna en $\frac{1}{4}$ stofnfjárins, svo stofnfjárlán, tryggt með ábyrgð Búnaðarfélagsins, og endurgreiðist það innan 5 ára.

10. gr.

Heimilt er stjórninni að taka rekstrarlán gegn tryggingu í þeim jarðræktarstyrk, er á umbæturnar verður greiddur úr ríkissjóði, samkvæmt ákvörðun II. og V. kafla jarðræktarlaga.

11. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Skulu reikningar endurskoðaðir af endurskoðendum Búnaðarfélags Ólafsfjarðar og lagðir fram á aðalfundi þess ár hvert. Þar skal og lögð fram skýrsla um starfsemina á síðastliðnu ári og rædd framtíðarstarfsemi.

12. gr.

Breytingartillögur við samþykkt þessa skulu lagðar fram á aðalfundi. Samþykki lögmaður aðalfundur þær með minnst $\frac{3}{5}$ atkvæða atkvæðisbærra fundarmanna, skulu þær sendar Búnaðarfélagi Íslands, er leitar staðfestingar landbúnaðarráðherra á þeim.

13. gr.

Samþykktir þessar má því aðeins nema úr gildi, að $\frac{3}{5}$ fundarmanna á lögmaetum aðalfundi samþykki það, enda komi samþykki landbúnaðarráðherra til. Verði samþykktirnar felldar úr gildi, verður stofnsjóður og fyrningarsjóður áfram eign Búnaðarfélags Ólafsfjarðar, og skal eignunum varið til almennra framfaramála á félgssvæðinu.

14. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögglumál.

15. gr.

Samþykkt þessi gengur í gildi, er hún hefir verið staðfest af landbúnaðarráðherra.

Samþykkt þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 7 12. janúar 1945, um jarðræktar og húsagerðarsamþykktir, í sveitur, og reglugerð um jarðræktarsamþykktir frá 20.

febrúar 1946, staðfestist hérmeð til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni 104
öllum þeim, er hlut eiga að máli. 7. júní

Landbúnaðarráðuneytið, 7. júní 1947.

Bjarni Ásgeirsson.

Arni G. Eylands.

JARÐRÆKTARSAMÞYKKT

105

9. júní

fyrir Búnaðarfélag Grýtubakkahrepps og Svalbarðsstrandarhrepps,
í Suður-Þingeyjarsýslu.

I. KAFLI.

Takmörk samþykkatarsvæðis og markmið.

1. gr.

Samþykkatarsvæðið nær yfir hreppabúnaðarfélagin í Svalbarðsstrandarhreppi og Grýtubakkahreppi í Þingeyjarsýslu.

2. gr.

Ræktunarsambandið tekur að sér, á þann hátt sem fyrir er mælt í samþykkt þessari, eftirgreind verkefni á öllum jörðum á samþykkatarsvæðinu að undanskildum þeim, sem falla undir ákvæði VI. kafla jarðræktarlaga nr. 54, 4. júlí 1942, um búferlaflutning:

1. Að ræsa fram land til túnræktar, garðræktar, beitiræktar og engjaræktar. Tekur framkvæmd verksins til fullnaðarframræslu á landinu að opnum skurðum, svo og lokræsum, þar sem þess er þörf, eins og fyrir verður mælt af trúnaðarmanni, er Búnaðarfélag Íslands samþykkir til að hafa á hendi undirbúning um hvernig verkið skuli framkvæmt.
2. Að framkvæma jarðvinnslu á tünnum jarða á samþykkatarsvæðinu, sem ekki eru véltæk. Nær það til plægingar, herfingar og jöfnunar landsins. Hverjar vinnslu-aðferðir verða viðhafðar á hverjum stað, fer eftir fyrirsögn trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.
3. Að taka að sér jarðvinnslu til nýræktar túna og garða. Nær það til fullnaðarvinnslu landsins á sama hátt og gert er ráð fyrir í síðustu málsgrein undir lið 2.
4. Að framkvæma sléttun engja, svo þær verði véltækar, hvort heldur það er gert með völtun, vinnslu lands, flóðgarðahleðslu eða öðrum aðferðum eftir fyrirsögn trúnaðarmanns Búnaðarfélags Íslands.

II. KAFLI.

Skipun og verksvið fulltrúaráðs og framkvæmdastjórnar.

3. gr.

Fulltrúaráð skal kosið á aðalfundum búnaðarfélaganna ár hvert, þannig að einn fulltrúi verði kosinn fyrir hvern tug félagsmanna. Hálfur tugur, sem er fram yfir heilann, veitir þó rétt til fulltrúa.

Aðalfundur fulltrúaráðs skal haldinn fyrir 15. marz ár hvert. Hvert búnaðarfélag innan ræktunarsambandsins kýs tvo menn í framkvæmdastjórn til tveggja ára, þó þannig að annar þeirra gangi úr eftir eitt ár eftir hlutkesti, úr því gangi þeir úr til skiptis eftir starfsaldri. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa.